



Mánaðamót

4. maí 2026

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – maí 2026

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur |
|---|--|---|---|---|
| | | | | 1. maí |
| 4 | 5 Eimskip birtir uppgjör | 6 Starfandi skv. skráð í mars (HAG) Alvotech og Arion banki birta uppgjör | 7 Eik, Sýn og Íslandsbanki birta uppgjör | 8 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum |
| 11 Brottfarir um Keflavíkurlf. í apríl (FMST) Skráð atvinnuleysi í apríl (VMST) Oculus og Reitir birta uppgjör | 12 Heimar og Kvika banki birta uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum | 13 Könnun á væntingum markaðsaðila á 2F (SÍ) Amaroq birtir uppgjör | 14 | 15 |
| 18 Kaldalón birtir uppgjör | 19 Greiðslumiðlun í apríl (SÍ) Vísitala íbúðaverðs í apríl (HMS) | 20 Vaxtaákvörðun (SÍ) Peningamál (SÍ) Vísitala leiguverðs í apríl (HMS) Verðbólga í Bretlandi | 21 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) | 22 Vísitala launa í apríl (HAG) |
| 25 | 26 | 27 Vöru- og þjónustuviðskipti f. 1F (HAG) Iceland Seafood birtir uppgjör | 28 Vísitala neysluverðs í maí (HAG) Gistinætur í apríl (HAG) Brim, Hampiðjan og Ísfélagið birta uppgjör | 29 Þjóðhagsreikningar fyrir 1F (HAG) |




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,81% á milli mánaða í apríl og verðbólga lækkaði úr 5,4% í 5,2%. Við spáðum 1,05% á milli mánaða og að verðbólgan myndi hækka í 5,5%. Apríl er fimmti mánuðurinn í röð þar sem verðbólga er yfir 4,0% efri vikmörkum Seðlabankans.

Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða


Hækkun á eldsneytisverði hafði mest áhrif til hækkunar í mánuðinum, en verð á bensíni hækkaði um 12,1% og díselolía hækkaði um 19,7%. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,8%, nokkuð minna en við höfðum spáð. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um 6%, sem er mun minna en við áttum von á og útskýrir að mestu mun á spá okkar og mælingu Hagstofunnar. Matarkarfan og fót og skór lækkuðu lítillega í apríl.

Aprílmælingar VNV

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Framlag undirliða í apríl




Eftir eðli og uppruna


Framlag innfluttra vara til ársverðbólgu jókst sem skýrist að nánast öllu leyti af hækkun á bensínverði. Framlag annara liða var til lækkunar. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu töluvert minna en í fyrra, líklega vegna þess að páskarnir voru búnir nokkuð fyrir verðsöfnunardaga Hagstofunnar. Þó reiknuð húsaleiga hafi hækkað meira en síðustu mánuði hækkaði hún minna en í apríl í fyrra og er því framlag hennar til lækkunar á ársverðbólgu. Aðrir liðir höfðu lítil áhrif í mánuðinum.

Eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára



Breyting á samsetningu ársverðbólgu




Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er -0,21% í maí, +0,67% í júní og +0,33% í júlí. Gangi spáin eftir mun ársverðbólga mælast 4,8% í maí, 4,6% í júní og 4,7% í júlí. Þrátt fyrir að aprílmælingin hafi verið lægri en við bjuggumst við breytist spá okkar um ársverðbólgu næstu mánuði lítið. Það skýrist af því að við hækkuðum aðeins spá okkar um bensínverð næstu mánuði vegna hærra heimsmarkaðsverðs á olíu og breytum ekki spánni um flugfargjöld næstu mánuði þrátt fyrir að aprílmælingin hafi komið á óvart niður á við.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig þann 18. mars sl. Næsta ákvörðun verður birt 20. maí næstkomandi. Við gerum enn ráð fyrir því að stýrivextir verði hækkaðir í maí, en aprílmæling á vísitölu neysluverðs eykur frekar líkur á því að minna skref verði tekið.

Vaxtaákvæðanir peningastefnunefndar

| Dags. | Ákv. | Atkvæði með | Atkvæði móti | Kosið annað | Meginvextir |
|---------------|--------|----------------------|--------------|-------------|-------------|
| 7. feb. 2024 | óbr. | ÁJ, RS, ÁÓP, HS | GJ (-0,25%) | | 9,25% |
| 20. mar. 2024 | óbr. | ÁJ, RS, ÁÓP, HS | GJ (-0,25%) | | 9,25% |
| 8. maí 2024 | óbr. | ÁJ, RS, ÁÓP, HS | AS (-0,25%) | | 9,25% |
| 21. ágú. 2024 | óbr. | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS | | | 9,25% |
| 2. okt. 2024 | -0,25% | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS | | HS (óbr.) | 9,00% |
| 20. nóv. 2024 | -0,50% | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS | | | 8,50% |
| 5. feb. 2025 | -0,50% | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 8,00% |
| 19. mar. 2025 | -0,25% | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 7,75% |
| 21. maí 2025 | -0,25% | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP | | HS (óbr.) | 7,50% |
| 20. ágú. 2025 | óbr. | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 7,50% |
| 8. okt. 2025 | óbr. | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 7,50% |
| 19. nóv. 2025 | -0,25% | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 7,25% |
| 4. feb. 2026 | óbr. | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS | | | 7,25% |
| 18. mar. 2026 | +0,25% | ÁJ, ÞGP, TB | ÁÓP, HS | | 7,50% |
| 20. maí. 2026 | | | | | |
| 19. ágú. 2026 | | | | | |
| 7. okt. 2026 | | | | | |
| 18. nóv. 2026 | | | | | |


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði lækkaði innan mánaðar í apríl til tveggja ára (4,7% í lok mánaðar, -0,1 prósentustig innan mánaðar) og til fimm ára (4,4% í lok mánaðar, -0,1 prósentustig innan mánaðar) en var óbreytt til tíu ára (4,0% í lok mánaðar).

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstyrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,0% í apríl (óbreytt á milli mánaða). Raunstyrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,3% (+0,3 prósentustig á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,5% (+0,1 prósentustig á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstyrivextir




Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,6% á milli mánaða í mars. Árshækkun vísitölunnar mælist nú 2,6%. Síðustu fimm mánuði hafa íbúðaverðshækkanir á ársgrundvelli verið minni en hækkanir á almennu verðlagi. Vísitala íbúðaverðs hefur því lækkað um 2,2%, leiðrétt fyrir verðlag horft til þróunar síðasta árið. Vísitala leiguverðs hækkaði um 1,5% á milli mánaða í mars. Árshækkun vísitölunnar mælist nú 6,3%.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar




Velta skv. VSK-skýrslum

Velta dróst saman um 5,0% á milli ára að raunvirði á VSK-tímabilinu janúar og febrúar. Aukna veltu í sjávarútvegsgreinum má rekja til loðnuveiða og aukinnar veltu í fiskeldi, en mikill kraftur hefur verið í útflutningi eldisafurða síðustu mánuði. Velta í framleiðslu málma hefur dregist verulega saman vegna bilunar í álverinu við Grundartanga sem varð í október á síðasta ári. Velta í bílasölu jókst töluvert á fyrstu tveimur mánuðum ársins vegna innflutnings á fólksbílum fyrir áramót í tengslum við hækkun á vörugjöldum á bíla sem tók gildi um áramót. Þá jókst velta í upplýsingatækni og fjarskiptum verulega, sem má að stórum hluta rekja til aukinnar veltu gagnavera.




Atvinnuleysi og fjöldi starfanda

Skráð atvinnuleysi var 4,8% í mars sem er 0,6 prósentustigum hærra en árið áður. Fjöldi starfandi í febrúar var óbreyttur á milli ára.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 0,8% á milli ára í mars að raunvirði. Þar af jókst hún um 13,5% erlendis en kortavelta innanlands dróst saman um 2,8%. Þetta er annan mánuðinn í röð sem kortavelta innanlands dregst saman. Íslendingar fóru í 3,6% færri utanlandsferðir nú í mars en í fyrra. Í þessu samhengi ber þó að hafa í huga að kortavelta Íslendinga erlendis kemur bæði frá kortum sem eru straujuð á ferðalögum til útlanda en einnig í erlendri netverslun. Þetta bendir til þess að erlend netverslun sé sterk.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 8,5 mö.kr. í mars, þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 13,0 ma.kr. og hrein uppgreiðsla á verðtryggðum lánnum 4,5 ma.kr. Mars er þriðji mánuðurinn í röð sem heimilin taka meira af óverðtryggðum lánnum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í mars verða birt fimmtudaginn 7. maí.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 155 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurlugvöll í mars, um 1,6% fleiri en í mars í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 6,0% á milli ára á föstu verðlagi en jókst um 1,1% á föstu gengi í mars. Gistinóttum útlendinga á hótelum fjölgaði um 4,9% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan veiktist lítillega í apríl gagnvart evrunni og í lok mánaðarins stóð evran í 144,6 (+0,4 krónur innan mánaðarins). Krónan styrktist á móti Bandaríkjadal og stóð hann í 123,1 krónum (-1,8 krónur innan mánaðar) í lok mánaðarins.



Útgáfa Greiningardeildar í apríl

- 16. apríl: Hagsjá: Spáum 5,5% verðbólgu í apríl
- 17. apríl: Hagspá til 2028: Hagkerfi í hægum vexti
- 20. apríl: Hagsjá: Merki um að innlend neysla sé að minnka
- 22. apríl: Hagsjá: Vísbendingar um kólnandi hagkerfi
- 27. apríl: Hagsjá: Hægari verðhækkanir á íbúðamarkaði og raunverðslækkanir í kortunum
- 29. apríl: Hagsjá: Verðbólga hjaðnar í 5,2%

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

